



Skólaráðsfundur 13. desember 2017

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Hallveig Fróðadóttir fulltrúi kennara, Sigmundur Már Herbertsson fulltrúi starfsmanna, Lilja Stefánsdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Geirný Geirsdóttir fulltrúi foreldra, Jenný L. Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN og fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Kristján Carlsson Gränz fulltrúi foreldra og grenndarsamfélags, Mikael Máni Möller varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Anna Birna Gunnlaugsdóttir fulltrúi kennara og Hermann Nökkvi Gunnarsson formaður nemendafélags skólans boðuðu forföll.

1. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri kynnti niðurstöður samræmdra prófa hjá 4. og 7. bekk sem nemendur tóku í lok september.
2. Guðný kynnti sjálfsmatsskýrslu fyrir síðasta skólaár. Farið stuttlega yfir hvernig sjálfsmat skólans er unnið. Farið yfir umbótaáætlun skólans.
3. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir dagskrá desembermánaðar. Mikið af viðburðum eru hefðir sem hafa verið í skólanum mörg ár en einnig nokkrar nýjungar sem hafa bæst við síðstu ár og tekist vel. Rætt um fyrirkomulag á jólagjöf hjá nemendum á eldra stigi en þau ætla að safna pening fyrir Unicef til að kaupa vatnsbrunn.
4. Guðný fór yfir niðurstöður af lýðræðisfundum sem var á vináttudeginum 8. nóvember sl. Hópstjórar á fundinum hafa unnið úr punktunum og munu kynna punktana fyrir nemendum í 7.-10. bekk á næstu dögum.
5. Ásgerður sagði frá væntanlegum viðburðum s.s. þemadögum í febrúar. Einnig var rætt um vinnu við innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum og endurskoðun á skólareglum.
6. Ásgerður greindi fundarmönnum frá stöðu á fjármálum skólans núna þegar nýtt fjárhagsár er að byrja.
7. Önnur mál:
 - a. Geirný Geirsdóttir spurði hvernig það væri að ganga að vera með skólagögn frá Reykjanesbæ. Stjórnendur sögðu það ganga vel og almenn ánægja með það bæði hjá kennurum og nemendum. Fulltrúar foreldra í skólaráði lýstu ánægju sinni með þetta fyrirkomulag.
 - b. Kristján Gränz lýsti ánægju sinni með áhuga skólans á vinnu við forritunarkennslu við skólann.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri